

Skýrsla stjórnar 2022

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) var stofnað 17. apríl 2009. Stofnfélagar voru þá 41 talsins. Skráðir félagar fyrir aðalfund ársins 2022 eru rúmlega 205 talsins.

Helstu markmið félagsins eru að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og öruggum og vistvænum fráveitum. Félagið vill auka þekkingu á vatns- og fráveitumálum með markvissum hætti og miðla þekkingu og reynslu á milli fagaðila, fræðasamfélags og almennings.

Í stjórn VAFRÍ starfsárið 2021 til 2022 sátu Hlöðver Stefán Þorgeirsson, formaður og einn af sérfræðingum fráveitu Veitna, Hrund Ólöf Andradóttir, gjaldkeri og prófessor við Háskóla Íslands, Baldur Dýrfjörð, ritari og lögfræðingur Samorku, Sigrún Tómasdóttir, sérfræðingur á Rannsóknum og nýsköpunarsviði Orkuveitu Reykjavíkur og Sigurður Grétar Sigmarsson, verkfræðingur á Verkís. Sigrún Tómasdóttir kom ný inn í stjórn félagsins vorið 2021, en önnur höfðu setið lengur í stjórn félagsins.

Efst á baugi í starfi félagsins starfsárið 2021 til 2022 er eftirfarandi:

1. Fræðslustarf
2. Virkni á samfélagsmiðlum
3. Innheimta félagsgjalda

1. Fræðslustarf

Fræðslustarf félagsins litaðist enn nokkuð af samkomutakmörkunum vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Áhrif heimfaraldursins á fræðslustarf félagsins hafa þó ekki að öllu leyti verið neikvæð, því aukin reynsla af notkun fjarfundabúnaðar hefur orðið til þess að auðveldara er fyrir félagsfólk út um land að taka þátt í fræðslustarfi félagsins.

Í október 2021 stóð félagið fyrir opnum veffræðslufundi um áhrif þurrka sumarsins 2021 á vatnsveitur. Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, og var upptöku af fundinum í kjölfarið deilt á miðlum félagsins. Fyrst fluttu Aðalsteinn Þórhallsson hjá HEF Veitum á Austurlandi og Oddgeir Sigurjónson hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra erindi um reynslu þeirra og störf þurrkasumarið 2021, en í kjölfarið voru líflegar umræður um efnið.

Í febrúar 2022 stóð félagið fyrir blönduðum stað og fjarfundi um skólphreinsun, þar sem fjallað var um regluverk skólphreinsunar á Íslandi, stöðu mála, framfylgd regluverksins undanfarin ár og reynslu Norðmanna af innleiðingu fráveitutilskipunar Evrópusambandsins. Fundargestir mættu í ráðstefnusal Orkuveitu Reykjavíkur á Bæjarhálsi 1 í Reykjavík, en gátu einnig tengst fundinum með Microsoft Teams og hlustað og tekið þátt í umræðum. Hlöðver Stefán Þorgeirsson, formaður VAFRÍ, hélt opunarerindi á fundinum, sem einna helst sneri að regluverki skólphreinsunar á Íslandi og hinu svokallaða síuákvæði. Hólmfríður Þorsteinsdóttir, sérfræðingur á Umhverfisstofnun, fjallaði um stöðu fráveitumála á Íslandi út frá gagnaöflun stofnunarinnar fyrir reglulegar stöðuskýrslur málaflokksins, og Reynir Sævarsson, byggingarverkfræðingur á verkfræðistofnunni Eflu, fjallaði um stöðuna út frá sjónarhóli ráðgjafa í fráveituverkefnum sveitarfélaga og veitufyrirtækja. Loks hélt Anna Sara Magnusson sérfræðingur við Umhverfisstofnun Noregs ítarlegt erindi um stöðu fráveitumála í Noregi og innleiðingu Norðmanna á tilskipunum Evrópusambandsins um skólphreinsun og fráveitur í gegnum fjarfundarbúnað.

Samhliða aðalfundinum vorið 2022 er skipulagður metnaðarfullur fræðslufundur með áherslu á rannsóknir og reynslu af skipulagi, framkvæmd og rekstri blágrænna ofanvatnslausna auk flóðahættu við íslenskar aðstæður.

2. Virkni á samfélagsmiðlum

Facebooksíða VAFRÍ hefur verið nýtt til að kynna starfsemi félagsins og til þess að hvetja til almenna umræðu um veitutengd málefni. Stjórn félagsins hefur lagt sig fram við að varðveita upptökur af öllum fræðslufundum. Nú eru fimm myndbönd með upptökum af fræðsluerindum aðgengileg á facebook síðu félagsins.

Til viðbótar hefur félagsfólk verið mjög duglegt við að deila áhugaverðu vatns- og fráveitutengdu efni á facebooksíðunni, og skiptast á skoðunum og athugasemdum um það í athugasemdakerfum. Þar má til að mynda nefna:

- Ábendingar varðandi fræðslufundi.
 - Opinn fræðslufundur CAMELLIA um vatnsgæði í þéttbýli.
 - Opinn fræðslufundur Imperial College's Centre for Systems Engineering and Innovation um „Water Neutrality“ og kerfisbundna nálgun á bætt vatnsgæði í þéttbýli.
 - Kynning af International Conference on Urban Drainage.
 - Opinn veffræðslufundur CIWEM um vatnsgæði í ám og yfirfallslosanir.
 - Opinn fyrirlestur Professors Michael Templeton við Imperial College titlaður „Pitfalls and Progress: Engineering sustainable sanitation for all“.
- Ábendingar varðandi meistara- og doktorsvarnir og annað fræðastarf.
 - Doktorsvörn Arndísar Sue Ching Löve um fíkniefni í frárennsli frá Reykjavík.
 - Miðbiksmat Tareks Zaqout, á rannsóknnum á virni blágrænna ofanvatnslausna við íslenskar aðstæður.
 - Ósk eftir þátttöku í könnunum sem hluta af starfi nema við Háskólann á Akureyri.
 - Meistaravörn Ivans Nikonovs titluð „Using a macroalgal cultivation system in wastewaterbioremediation“.
- Ábendingar varðandi ráðstefnur og námskeið.
 - Námskeið Norsk vann fyrir rekstraraðila minni fráveitna.
 - Vefnámskeið CIRIA, m.a. um blágrænar ofanvatnslausnir.
 - Norræna fráveituráðstefna NORDIWA í Gautaborg.
 - Námskeið Norsk vann um uppbyggingu skólphreinsistöðva.
 - Veffundur bNovate, meðal annars með erindi Sverris Guðmundssonar.
 - Vinnustofa um sjálfbærni við Háskólann á Akureyri.
 - Ráðstefna um Freðhvolið í Hörpu haustið 2022.
- Ábendingar varðandi áhugaverð skrif, fréttir o.s.frv.
 - Vasagarðar í Aþenu.
 - Blágrænar ofanvatnslausnir í Kaupmannahöfn.
 - Mikið rennsli í vorleysingum, m.a. í Fnjóská.
 - Bygging svartvatnstanks á Hólasandi.
 - Loftslagsaðlögun HOFOR, fráveitunnar í Kaupmannahöfn.
 - Skrif íslenskra veðurfræðinga um þróun úrkomuákefðar.
 - Úrhellisskúrir með eldingum í Biskupstungum.
 - Mælingar á skúradembum í Reykjavík með 10 mínútna tíðni.
 - Hugbúnaður til lesa vatnafræðliegar upplýsingar úr hæðargögnum.
 - Hagnýting regnvatns í stað drykkjarvatns í heimilishald í Noregi.
 - Útgáfa bókarinnar Með grjót í vösum.

- Vangaveltur um varmaendurnýtingu í veitum.
- Umfjöllun DANVA um meðferð grunnvatns í þéttbýli.
- Umfjöllun Spegils Ríkisútvarpsins um flóðamál í þéttbýli, m.a. með viðtali við Fjólu Jóhannesdóttur.
- Vangaveltur um varmadælur og skólþ.
- Deiling auglýsingar um umsóknir í ASK, styrktarsjóð mannvirkjageirans, með vangaveltum um tækifæri veitugeirans til nýsköpunar og þróunar í framkvæmdatækni.
- „Bara piss, kúkur og klósettpappít“ á alþjóðadegi klósettsins.
- Frétt Norsk vann um brotalöm í vöktun á gæðum skólphreinsunar í Noregi.
- Vangaveltur um niðurdælingu skólps í stað hreinsunar.
- Flóðavarnir í Danmörku.
- Fréttir af rusli í fráveitu Akureyrar.
- Megaframkvæmdir til flóðavarna í Kaupmannahöfn.
- Frétt Norsk vann um bættu nýtingu og dreifingu sérfræðilpekkingar út um land.
- Innlegg Sævars Helga Bragasonar í Ríkisútvarpinu um nýtingu líkamsúrgangs.
- Mikið álag á fráveitu Hafnarfjarðar og víðar í hláku vorið 2022.
- Langtíma seyrurannsóknir í Svíþjóð.
- Miklar rigningar og hláka í mars 2022.
- Hugvekjur um grunnvatn og neysluvatn á degi vatnsins.
- Myndir af ofanvatnslausnum í Urriðaholti í apríl 2022.
- Frétt um undirritun fyrstu íslensku vatnaáætlunarinnar.
- Fréttir af vatnstjónum í Stokkhólmi.
- Aðgerðir gegn lyfjaleifum í Svíþjóð.
- Áhrif vatnsgæðakvaða á húsnæðisuppbyggingu á Englandi.
- Hringrásarsalerni í Finnlandi.
- Fráveitutengd frá sjálfbærniáðstefnunni við Háskólann á Akureyri.
- Kynning á Hammarby hreinsistöðinni í Stokkhólmi.

Til viðbótar við virkni facebooksíðu félagsins gegnir vefsíða félagsins, vafri.hi.is mikilvægu hlutverki sem varðveislustaður heimilda um starfsemi félagsins, útgáfu og starf stjórnarinnar.

3. Innheimta félagsgjalda

Innheimta félagsgjalda hófst 20. apríl og hefur gengið vel. Fimm fyrirtæki greiða félagsgjöld í hærri verðflokki fyrirtækjaaðildar og fimm í þeim lægri. Þar að auki eru nokkur fyrirtæki sem greiða aðildargjöld fyrir færri en 5 starfsmenn, auk einstaklinga sem greiða eigin félagsgjöld. Heildarfjöldi á félagatali er 205 manns.

Fyrir hönd stjórnar Vatns- og fráveitufélagsins, 18. maí 2022,

Hlökkver Stefán Þorgeirsson, formaður.